

Af neista verður glóð – Vísindi og vettvangur í félagsráðgjöf



Ritstjórar: Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Harðardóttir
Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2019. 302 bls.
ISBN: 978 9935 23 219 9

Á árinu 2019 kom út bókin *Af neista verður glóð – vísindi og vettvangur í félagsráðgjöf* sem er afmælisrit til heiðurs dr. Sigrúnu Júlíusdóttur.

Fyrstu áform um að efna til útgáfu bókar í tilefni af 75 ára afmælisári Sigrúnar voru reifuð í tengslum við Félagsráðgjafafingrið 2014. Það var síðan í byrjun árs 2018 að Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands ákváðu að hefjast handa og voru Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Harðardóttir fengin til að taka að sér verkstjórn og ritstjórnarhlutverk. Auk þeirra sátu í ritnefnd þau Guðný Björk Eydal, María Rúnarsdóttir, Þór Garðar Þórarinnsson og Viðar Þorsteinsson.

Dr. Sigrún Júlíusdóttir, nú prófessor emeritus við Háskóla Íslands, er frumkvöðull sem sett hefur mark sitt á þróun íslensks samfélags og velferðarmála, bæði á hinum starfstengda vettvangi og á sviði fræðilegrar þróunar. Sigrún á að baki langan og farsælan starfsferil innan velferðar- og heilbrigðisþjónustu og hún hefur gegnt fjölmörgum stjórnunar-, trúnaðar- og sérfræðistörfum innan og utan Háskóla Íslands. Auk þess að gegna forystu- og trúnaðarstörfum við uppbyggingu náms í félagsráðgjöf og störfum og samstarfi innan og utan Háskóla Íslands hefur Sigrún verið kyndilberi barna- og fjölskyldumála, rannsókna og fagþróunar og samskiptunar vísinda og vettvangs í félagsráðgjöf.

Ritnefnd bókarinnar *Af neista verður glóð* markaði þá stefnu að sameina hagnýtt og fræðilegt efni og að þar yrði fjallað um nokkur af helstu viðfangs- og

hugðarefnum dr. Sigrúnar Júlíusdóttur. Með þetta í huga ákvað ritnefndin að velja bókinni meginefni og leita svo til höfunda um framlag á þeim sviðum. Markmiðið var að bókin nýttist félagsráðgjöfum og öðru fagfólki í heilbrigðis- og velferðarþjónustu, nemendum í félagsráðgjöf, sem og öðru áhugafólki um viðfangsefni félagsráðgjafar. Þá yrði bókin einnig gefin út í rafrænu formi síðar.

Í fyrri hluta eru átta almennir kaflar þar sem fjallað er um mikilvægi tengsla, þróun úrræða í félagsþjónustu, skólafélagsráðgjöf, réttarfélagsráðgjöf og forvarnir og einnig um deigluna, söguna og samstöðuna í fagi og fræðum félagsráðgjafar.

Í síðari hlutanum eru ellefu fræðilegir kaflar þar sem varpað er ljósi á söguna, stöðuna og framtíðarverkefni á völdum sviðum félagsráðgjafar, svo sem innan skólastarfs, barnaverndar, fjölskyldustefnu, fjölskyldu meðferðar, skilnaðarmála og samskipta, handleiðslu, fagþróunar og vinnuáferða, og loks rýni á gagnaöflun og eftirlit, sjálfvirknivæðingu og þekkingarvald samtímans.

Háskólaútgáfan gefur bókina út í samvinnu við Félagsráðgjafardeild og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). Útgáfan skipaði Ingólf Vilhjálm Gíslason, dósent við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Félagsvísindasviðs, fræðilegan ritstjóra og hafði hann umsjón með ritrýni fræðilegra kafla. Ritstjórn af hálfu Háskólaútgáfunnar önnuðust Egill Arnarson og Auður Aðalsteinsdóttir og Helgi Hilmarsson sá um hönnun kápu. Vísindasjóður Félagsráðgjafafélags Íslands og Miðstöð íslenskra bókmennta styrktu útgáfuna og er þeim þakkaður stuðningurinn.

Af neista verður glóð er ein fárra yfirlits- og fræðibóka á sviði félagsráðgjafar sem komið hafa út á íslensku. Það gefur sérstakt tilefni til að félagsráðgjafar og annað fagfólk á sviði velferðarþjónustu kynni sér innihald bókarinnar með því að verða sér úti um eintak og styðji þannig útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu.

*Halldór S. Guðmundsson
og Sigrún Harðardóttir*



Guðný Björk Eydal



Sigurveig H. Sigurðardóttir



Steinunn Hrafnisdóttir



Nanna K. Sigurðardóttir



María Rúnarsdóttir



Gunnlaug Thorlacius



Steinunn Bergmann



Guðrún Helga Sederholm



Íris Eik Ólafsdóttir



Elísabet Karlsdóttir



Erla Björg Sigurðardóttir



Ingibjörg Broddadóttir



Freydís Jóna Freysteinsdóttir



Guðbjörg Ottósdóttir



Sigrún Harðardóttir



Sólveig Sigurðardóttir



Halldór S. Guðmundsson



Hervör Alma Árnadóttir



Hrefna Ólafsdóttir



Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir



Björn Þorsteinsson

Greinar í bókinni og höfundar þeirra:

Almennar greinar:

Guðný Björk Eydal, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Steinunn Hrafnisdóttir:

Uppbygging náms í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands í 40 ár.

Nanna K. Sigurðardóttir:

Félagsráðgjöf er fag í deiglu.

María Rúnarsdóttir:

Samstaða félagsráðgjafa í 55 ár.

Gunnlaug Thorlacius:

Lengi býr að fyrstu gerð.

Steinunn Bergmann:

Efling foreldrahæfni er besta forvörnin.

Guðrún Helga Sederholm:

Skólafélagsráðgjöf er barnavernd.

Íris Eik Ólafsdóttir:

Réttarfélagsráðgjöf á Íslandi.

Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir:

Þróun úrræðis í félagsráðgjöf fyrir einstæða foreldra – TINNA.

Ritryndar greinar:

Guðný Björk Eydal og Ingibjörg Broddadóttir:

Þróun íslenskrar fjölskyldustefnu. Frumkvöðlar og framtíðin.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir:

Barnavernd. Þróun í fjölda tilkynninga og úrræði.

Guðbjörg Ottósdóttir:

Börn í ábyrgðarhlutverkum. Staða þekkingar.

Sigurveig H. Sigurðardóttir:

Samskipti afa, ömmu og barnabarna.

Sigrún Harðardóttir:

Félagsráðgjöf í skólum.

Sólveig Sigurðardóttir:

Foreldrasamvinna og velferð barna eftir skilnað.

Halldór S. Guðmundsson og Hervör Alma Árnadóttir:

Gagnreynt og gagnlegt vinnulag.

Steinunn Hrafnisdóttir:

Handleiðsla í félagsráðgjöf. Ræktun fólks og fags.

Hrefna Ólafsdóttir:

Fjölskyldumeðferð. Sérstök grein innan klínískra fræða verður til.

Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir og Sigrún Harðardóttir:

Þróun í félagsráðgjöf innan geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Mikilvægi forvarna.

Björn Þorsteinsson:

Skrímslið sem við er að eiga. Eftirlit og kapítalismi á 21. öld.

Handleiðsla til eflingar í starfi, vinnuvernd fagvernd - mannvernd



Ritstjóri: Sigrún Júlíusdóttir
 Reykjavík: Háskólaútgáfan og
 Rannsóknarsetur í barna- og fjöl-
 skylduvernd, 2020. 258 bls.
 ISBN: 978 9935 23 241 0



Árið 2020 kom út bókinn *Handleiðsla til eflingar í starfi, vinnuvernd - fagvernd - mannvernd*. Ritstjóri er dr. Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi og prófessor

emeritus. Með henni í ritnefnd voru þær Sveindís Anna Jóhannsdóttir, MA í félagsráðgjöf og handleiðari, og Kristín Lilliendal, aðjunkt við Menntavísindasvið HÍ og handleiðari.

Bókin er greinasafn eftir sautján höfunda sem fjalla um handleiðslu út frá sjónarhorni hvers og eins miðað við menntun og starfsstétt. Henni er ætlað að bæta úr brýnni þörf fagfólks og háskólanema í félags-, heilbrigðis- og menntavísindum. Þá á hún örugglega eftir að reynast mjög gagnleg fyrir stjórnendur, t.d. í velferðarþjónustu. Hér verður fjallað um fyrstu tvo hluta bókarinnar af sex. Þeir snúast aðallega um fræðilegan grunn handleiðslunnar. Aðrir hlutar fjalla um handleiðsluna á hinum ýmsu sviðum, svo sem barnavernd, á sviði menntunar, í rannsóknnum og við stjórnun.

Formála ritar Sigrún og rekur þar í stuttu máli sögu handleiðslu á Íslandi, allt frá áttunda áratug síðustu aldar. Hún, ásamt þeim Kristínu Gústavsdóttur, Nönnu K. Sigurðardóttur og fleirum, ruddi handleiðslubrautina með fulltingi Tómasar Helgasonar, prófessors og forstöðulæknis geðdeildanna. Smám saman varð handleiðslan órjúfanlegur þáttur í meðferðarstarfinu hjá félagsráðgjöfum, mörgum sálfræðingum og ýmsum teymum á Landspítalanum.

Í formálanum minnst Sigrún einnig á óhjákvæmilega skörun hjá höfundum. Í fyrstu bók um handleiðslu á íslensku getur það verið nokkur styrkur fyrir þá sem eru að kynna sér handleiðslufræðin að saga handleiðslu og lýsing á eðli hennar sé að nokkru leyti endurtekin.

Aðfaraorð ritar okkar handleiðslusinnaði landlæknir, Alma Möller. Skilgreinir hún handleiðslu sem lærdóms- og þroskaferli, sem með samningi og samtali við menntaðan handleiðara sé ætlað að vernda og styrkja

handleiðsluþega. Einnig hnykkir hún á eflingu lýðheilsu og þeirri skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að kulnun sé ástand tengt vinnuumhverfi og hvernig fólk geti t.d. misst orku eða örmagnast, orðið neikvætt og kaldhæðið. Þetta kemur að lokum niður á fagmennsku. Jafningjastuðningur er fyrirbyggjandi og vísbendingar eru um að handleiðsla nýtist til að takast á við kulnun.

1. HLUÐI. *Hugmyndagrúnnur, upphaf, þróun og staða handleiðslunnar.*

Fyrsta hluta bókarinnar skrifar Sigrún Júlíusdóttir. Fyrst fjallar hún um fagmennsku annars vegar og leikmennsku hins vegar. Orðið fagmennska á sér u.þ.b. hundrað ára sögu og Sigrún lýsir því hvernig fagmennskan hefur þróast frá óbeislaðri hjálparþörf til samhygðar. Ný þekking sem byggist á rannsóknnum hefur smám saman orðin til.

Handleiðslan felur í sér flókið breytingaferli. Samskiptunum milli skjólstaðings og meðferðaraðila og milli handleiðara og handleiðsluþega fylgja áhrif í báðar áttir. Til að geta unnið með þessa heild þarf handleiðari tilskilda menntun og þjálfun, segir Sigrún. Einnig hnykkir hún á því að handleiðsla sé hliðarstólpi í faglegu starfi með fólki.

Fyrsti hluti bókarinnar, 33. bls., er metnaðarfullur og yfirgrípsmikill og fjallar m.a. um hugmyndagrúnn handleiðslu. Michael Blint (1896–1970), sálgreinandi í London, hélt vikulegar málstofur og námsfundir fyrir heimilislækna þar í borg. Þetta var þeim mikill stuðningur við siðferðilegar spurningar í starfinu og hjálpaði þeim að brjóta út úr einsemd í starfi og finna til samkenndar. Frá þessum málstofum er m.a. komin hugmyndin um *hliðstæð ferli*, hvernig við sem fagfólk finnum oft fyrir einhverju samsvarandi sem er að gerast í okkar eigin lífi, eða innra með okkur sjálfum, og hjá þeim sem við veitum meðferð. Við sem meðferðaraðilar þurfum alltaf að eiga vettvang til að skoða okkur sjálf og tilfinningar okkar. Að skoða sjálfan sig gaumgæfilega er einnig upphafið að aðgreiningu á því sem er *einkasjálfi* eða okkar eigið og svo *starfsjálfi*, þeim hliðum sem við notum í vinnu með öðru fólki.

Faghugtök eins og: *frásagnarnálgun* (e. narrativism) sem tengist *hugsmíðahyggju* (e. constructivism) og *samsköpun* (e. co-creation) eru kynnt til sögunnar í fyrsta hluta bókarinnar. Þau lýsa öll samsköpun sem getur orðið til í faglegu samspili samstarfsfélaga sem ígrunda og gefa gagnkvæmt af sér. Þessi hugtök enduróma svo í flestum köflum bókarinnar í einni eða annarri mynd.

Fræðigrúnnur handleiðslu er rakinn í þessum fyrsta kafla, svo og siðferðisklemma hjálpara/handleiðara.



Þarna er rakið brot úr sögu Ólaffu Jóhannsdóttur (1863–1924) sem starfaði mest í Noregi, m.a. með fátækum ungum stúlkum sem fengið höfðu sárásótt. Er hún oft talin vera fyrsti íslenski félagsráðgjafinn.

Þótt erfitt reynist að velja eitthvað sérstaklega úr efni svo áhugaverðrar bókar má benda á bls. 29 í grein Sigrúnar þar sem þrettán mikilvæg færni viðmið í handleiðslu eru talin upp, m.a.:

- að þekkja eigin mörk;
- að geta vísað frá sér og sleppt verkefnum í krafti ábyrgðar og fagmennsku;
- að geta lifað sig inn í aðstæður annarra og sýnt þeim samhygð;
- að þekkja og skilja ytri og innri aðstæður á vinnustað;
- að geta stuðlað að framþróun og uppbyggilegum breytingum á vinnustaðarumhverfinu, svo nokkuð sé nefnt.

Á bls. 38, þar sem fjallað er um margþætt hlutverk handleiðara, eru nefnd nokkur „boðorð“ handleiðara-hlutverksins: (i) Hýsingarhlutverk (e. containing function), þ.e. að geta vistað upplýsingar til seinni tíma og búast þannig ekki við að bæði handleiðari og hinn handleiddi geti unnið úr þeim til fulls í hvelli; (ii) að geta tekið við sögum af því mótlæti sem handleiðsluþegi finnur fyrir í starfi og leitast jafnframt við að samfagna árangri og styrkleikum viðkomandi; (iii) að leyfa upplifunum og áhrifum hins handleidda og sjálfs sín að gerjast þar til síðar og ef til vill ræða betur um það þá.

Handleiðari er ávallt fyrirmynd með allri sinni framkomu, m.a. samhygð, gjöf og ígrundun. Hann leyfir spennulosun (e. ventilation) til að létta á erfiðri reynslu og aðstoðar hinn handleidda við að finna nýjar leiðir eða rými, m.a. með hvetjandi spurningum.

Segja má að grein Sigrúnar sé lítið kennslukver um handleiðslufræðin, aðal hugtök þeirra og sögu.

2. HLUTI. Stefnur og straumar í handleiðslu

Pennan hluta rita þær Kristín Gústavsdóttir, félagsráðgjafi, fjölskyldumeðferðarfræðingur og handleiðari, Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi og handleiðari, og Dána Ósk Óskarsdóttir, sjúkrahúsprestur, félagsráðgjafi og handleiðari, nú í doktorsnámi við HÍ.

EKKI verður hægt í þessari stuttu bókarkynningu að gera öllum höfundum jafn hátt undir höfði, þótt þeir eigi það skilið, og biðst undirrituð velvirðingar á því.

Kristín Gústavsdóttir:

Handleiðsla í spegli sögu og eigin ferils

Kærkomið er að kynna Kristínu til sögunnar, því við öll sem erum í hópi hinna eldri í handleiðslusögunni á Íslandi eigum henni og manni hennar, Karli Gustaf Pilz,

og fleirum mikið að þakka. Undirrituð tók þátt í fyrsta formlega diplómanáminu í handleiðslu sem kennt var við geðdeildir LSH á árunum 1987 og 1988.

Kristín segir frá skemmtilegum ferli sínum. Hún útskrifaðist sem félagsráðgjafi frá Stokkhólmi 1960, með mastersgráðu í klínískri félagsráðgjöf frá Smith College í Massachusetts 1970 og fékk löggild meðferðarréttindi í Svíþjóð 1978. 1973 stofnaði hún ásamt manni sínum *Institutet för familjeterapi* í Gautaborg sem þau ráku saman í 42 ár. Árin 1962 til 1972 vann hún við Geðverndardeild fyrir börn á Kleppsspítala. Þau hjónin héldu um árabil fjölmörg námskeið fyrir „fagfólkskynslóð“ undirritaðrar í samvinnu við LSH, Tengsl og Endurmenntun HÍ.

Meðal efnis í kafla Kristínar er frásögn af öðrum brautryðjanda, Berthu Reynolds (1887–1978), sem kenndi klíníska félagsráðgjöf og handleiðslu við Smith College. Bertha líkti handleiðara við garðyrkjumann sem hlúir að plöntunum til að skapa góð vaxtarskilyrði. Kenningar hennar áttu stóran þátt í að handleiðsla varð sjálfgefinn þáttur í námi og starfi félagsráðgjafa. Bók Berthu frá 1942, *Learning and Teaching in Social Work*, er enn kennd. Kristín bendir á að samtalið sé kjarninn í handleiðslunni, hvernig ómeðvituð kunnátta leysist stundum úr læðingi þar. Hlutverk handleiðara breytist úr því að kenna aðferðafræði yfir í það að leiða samtalið með vel orðuðum spurningum.

Í grein Kristínar eru raktir þættir úr sögu handleiðslunnar, fléttaðir öllum helstu hugtökunum.

Sveindís Anna Jóhannsdóttir: Tegundir handleiðslu, handleiðslustefna og gæðaviðmið í þjónustu

Sveindís Anna Jóhannsdóttir er félagsráðgjafi og handleiðari á Reykjalundi. Þá hefur hún sinnt stundakennslu við HÍ, hún á sæti í barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar og rekur eigin stofu sem heitir *Félagsráðgjafinn*.

Eins og yfirleitt allar greinar í bókinni er grein Sveindísar yfirgripsmikil og kemur inn á flesta þætti handleiðslufræðanna. Á bls. 87 er sýnt líkan af innleiðingarferli handleiðslustefnu og tímallengd mismunandi handleiðsluferla tilgreind. Bent er á að nauðsynlegt sé að endurmeta og uppfæra reglulega handleiðslustefnu stofnana. Einnig bendir Sveindís á það hvernig handleiðsla getur verið gæðaviðmið hjá stofnunum: „Árangur handleiðslu má meta út frá aukinni hæfni handleiðsluþega og hafa rannsóknir á SAGE-matslistanum (Supervision: Adherence and Guidance Evaluation) sýnt fram á það (bls. 89).“ Enn fremur segir hún: „Handleiðsla hefur reynst auka starfsánægju, stöðugleika í starfsmannahaldi og trygð starfsmanna við vinnustað sinn.“ Þannig bæti handleiðslan tilfinningalegan stuðning við starfsmenn.



Ígrundun í handleiðslu og gott samband við handleiðara eru einnig þættir sem rannsóknir sýna að skipti máli. Þörf er á frekari rannsóknum til að meta árangur handleiðslu fyrir skjólstæðinga, en rannsóknir á hugrænni atferlismeðferð hafa ítrekað sýnt fram á meiri árangur hjá sjúklingum og aukna færni meðferðaraðila og betri árangur ef meðferðaraðilar fá handleiðslu. Handleiðsla við handleiðslu er einnig gæðaviðmið og felur í sér að handleiðari sækir sjálfur handleiðslu til að spegla og ígrunda þá handleiðslu sem hann veitir.

Grein Sveindísar lýsir m.a. viðfangsefnum annarrar kynslóðar handleiðara, sem glíma við auknar áskoranir, eins og sannanir fyrir gagnsemi viðtala í meðferðarvinnu og handleiðslu í heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Díana Ósk Óskarsdóttir:

Líkön í handleiðslu og siðrænt sjónarhorn

Díana Ósk Óskarsdóttir er sjúkráðgjafarþjónustunni. Hún rekur ráðgjafarþjónustuna. Ég er og sinnir þar fræðslu og handleiðslu. Hún starfar í stuðnings- og ráðgjafarteymi LHS og handleiðir þar fagfólk spítalans.

Í innganginum segir Díana: „Hver fagstétt þarf sína umgjörð til þess að tryggja sér sem mest öryggi. Slík umgjörð felst í siðareglum og verklagi og einnig aðferðum sem byggja á rannsóknum.“ Díana heldur áfram að tengja faglegt nám handleiðarans við siðareglur og segir: „Handleiðarar þurfa að vita hvað hlutverkið felur í sér og hvert skuli stefna í handleiðsluferlinu. Það er því grundvallaratriði að þau séu vel að sér um siðareglur og þekki til handleiðslulíkana til að geta valið viðeigandi handleiðsluáferð á meðvitaðan og ígrundaðan hátt (bls. 95–96).“

Um 20 þroskatengd handleiðslulíkön hafa verið sett fram undanfarna sex áratugi. Díana fjallar um nokkur þeirra, meðal annars „skref fyrir skref“, sem Ursula Deworth o.fl. settu fram samkvæmt kenningum Eriks H. Erikson um að meginverkefni hverrar persónu sé að þroska sjálfíð og sjálfsmynd sína. Því betur sem til tekst á einu stigi ferilsins, þeim mun betur tekst til á næsta stigi. Þannig er einnig um fagsjálfíð, sem þarf styrkingu á hverju þroskaskiði. Þetta líkan myndi, að mati undirritaðrar, henta vel við handleiðslu í eitt og hálf til tvö fyrstu árin þegar fagfólk er að hefja ferilinn.

Öll líkönin eiga það sammerkt að eiga að vera bæði handleiðsluþega, handleiðara og skjólstæðingunum til halds og trausts hvað ramma og faglega ábyrgð varðar. Þar er lögð mismikil áhersla á árangur fagfólksins og svo er spurning hvað sé árangur í vinnu með manneskjur. Það sem einum gæti þótt árangur gæti öðrum þótt afturför.

Orðið *hlutlægur* er mikið notað í umfjöllun um mannlegt samspil, en heimspekin og meðferðarfræðin síðustu þrjátíu ár eða svo segir að *hlutlægni* eða *hlutleysi* sé ekki til, heldur sjái hver mannvera veruleikann á sinn hátt. Þrátt fyrir það eru siðfræðileg viðmið, siðareglur fagfélaga og siðanefndir sem bera saman bækur sínar hjá hverju fagfélagi lífsnaúðsynlegar til að traust geti skapast milli viðtakenda tilfinningalegrar þjónustu og þeirra sem veita hana.

Eins og Díana tekur ítrekað fram verður að vera samkomulag í þjóðfélaginu um lágmarksmenntun handleiðara og kröfur um ákveðna þjálfun og ramma hjá þeim sem veita sálusorgun, faglegan stuðning eða fagleg viðtöl af ýmsu tagi. Þannig hafa skjólstæðingar og fagmenn bakhjarl til að veita viðunandi handleiðslu eða viðtöl og þetta er einnig trygging fyrir skjólstæðinga, finnst þeim á sér brotið. Ef út af bregður geta allir aðilar ráðfært sig við sínar siðanefndir og handleiðara. Grunnám í háskóla á sviði félagsráðgjafar, sálfræði, læknisfræði, hjúkrunarfræði eða á sviði menntunar er nauðsynlegur lágmarksgrunnur. Viðbótarmenntun og handleiðsla er mikilvæg alla starfsævina fyrir þróun fagmanneskjunnar.

VIÐ en ekki ÉG. Þetta er lykillinn að áframhaldandi lífi á jörðinni, segja æ fleiri. Díana endar grein sína á umfjöllun um frásagnarlíkanið og hóphandleiðslu á vegum Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Þetta er ferla miðuð handleiðsla þar sem prestar fá handleiðslu í hópum, m.a. til að efla félagsnet sitt og til að geta komið saman úr ýmsum áttum með ólíkan fræðibakgrunn, en allir með jafnmikilvægan fjölskyldubakgrunn. Allar fjölskyldusögur fólks, sama af hvaða kynstofni það er eða til hvaða ætta það á að telja eða veit jafnvel ekkert um, eru jafn mikilvægar. Þannig hafa allar manneskjur sem koma í handleiðslu jafn mikið gildi. Þær geta millifært úr sinni fjölskyldusögu yfir í starfssjálfi sitt og millifært heim til baka styrkleika frá starfssjálfi sínu. Þetta hefur reynst gagnlegt fólki hvaðanæva að.

Eins og þessi handleiðsla hefur verið veitt undanfarin ár er hún nokkuð í takt við norræna aðferðafræði T. K. Lang og K-E. Tysk, höfundar bókarinnar *Der fremtiden blir til. Et dialogisk paradigme*. Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi MA, handleiðari og sáttamiðlari, Benedikt Jóhannsson, klínískur sálfræðingur og handleiðari, ásamt undirritaðri, hafa leitast við að þróa þetta líkan á Íslandi.

Díana á hrós skilið, eins og aðrir höfundar bókarinnar, fyrir að kynna þarna mikilvægan þátt í grunni handleiðslufræðanna.

Elísabet Berta Bjarnadóttir